



KENNARASAMBAND Íslands  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18.11.2019

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Þingskjal 165 – 165. mál.**

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Þingskjal 165 – 165. mál.

**KÍ fagnar þingsályktuninni og styður hana en leggur jafnframt áherslu á að mennta þurfi kennara til fræðslunnar.**

#### 1. grein

Fyrsta grein fjallar um menntakerfið og öll skólastig. KÍ fagnar því að hefja eigi námsefnisgerð, bæta við starfsþróun kennara, halda fundi og ráðstefnur um málaflokkinn og vinna kynningarefni. KÍ þykir engu að síður vert að benda á að vinna við námsefni er þegar hafin af veikum mætti en fjármagn er af skornum skammti svo betur má ef duga skal.

Jafnréttisnefnd (JRN) KÍ þreytist ekki á að benda á að það dugar ekki að skrifa námsefni og senda í skóla heldur verður að mennta kennara til verksins. Þess vegna hefur JRN sent bréf til allra stjórnenda kennaranáms þar sem farið er fram á að **jafnréttis- og kynjafræði sem kennslugrein verði skyldufag fyrir kennaranema á öllum skólastigum**. Þekkt er að kennarar veigra sér við að kenna jafn viðkvæmt efni og kynjafræði er þrátt fyrir að námsefni finnist ef þeir hafa ekki öðlast það jafnréttisnámi sem þarf. Það fæst aðeins með markvissri kennslu í kennaranámi og námskeiðum til starfsþróunar kennara. Hafa verður í huga að kennsla hvers skólastigs er ólík svo námskeið kennslugreinarinnar verða að mótast af því og þau verða að vera skylda.

Jafnrétti er einn sex grunnþátta menntunar á Íslandi og á að vera rauður þráður í allri menntun barna og ungmenna. Mikilvægt er að allir kennarar á öllum skólastigum fái jafnréttis- og kynjafræðslu svo þeir öðlist jafnréttisnámi. Aðeins þannig má fyrirbyggja að einn kennari mennti til jafnréttis og á sama tíma grafi annar undan þeirri menntun. Markviss jafnréttiskennsla í kennaranámi hefur þar allt að segja.

Ljóst er að þær samfélagsbreytingar sem fylgja #metoo kalla eftir breytingum í kennsluháttum og eru nemendur þegar farnir að kalla eftir þeim. Vert er að nefna að stjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta sendi frá sér stuðningsyfirlýsingu (sjá: [Stuðningsyfirlýsing við bréfi jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi](#)) við bréfi JRN til stjórnenda háskóla í kennaranámi og segir það meira en mörg orð um ákall námsmann eftir breytingum. Jafnréttisnefnd KÍ er einlægt þeirrar skoðunar að skólakerfið gegni lykilhlutverki í því að vekja samfélagið til meðvitundar um jafnrétti. Skólakerfið er annað hvort hluti af vandanum eða lausninni. Jafnréttisnefnd KÍ lýsir sig reiðubúna til samstarfs um starfsþróun kennara um jafnréttismenntun.

Virðingarfyllt  
f.h. Kennarasambands Íslands

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir  
forkona jafnréttisnefndar

Sigrún Birna Björnsdóttir  
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum